

Nd.

743. Nefndarálit

[270. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum. Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn mun skila sérálit.

Frumvarp til ábúðarlaga var lagt fram í neðri deild Alþingis 1972, en hlaut þá ekki afgreiðslu og var endurflutt árið eftir. Frumvarpið var þá sent til umsagnar til margra aðila, m. a. til allra hreppsnefnda í dreifbýlishreppum. Margar umsagnir bárust og í þeim voru ýmsar ábendingar og breytingartillögur, sem nefndarmenn tóku verulega tillit til er þeir afgreiddu málið úr nefnd, en um nokkur atriði voru skiptar skoðanir og því stöðvaðist málið.

Síðastliðinn vetur hefur nefnd þingmanna ásamt ráðuneytisstjóranum í landbúnaðarráðuneytinu og Árna Jónssyni erindreka endursamið frumvörpin um ábúðarlög og jarðalög og hafa ábendingarnar frá 1973 verið skoðaðar og frumvarpinu um ábúðarlög verið verulega breytt til samræmis við þær.

Eðvarð Sigurðsson áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. maí 1976.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.

Ingólfur Jónsson.

Þórarinn Sigurjónsson,
fundaskr.

Friðjón Þórðarson.

Pálmi Jónsson.

Eðvarð Sigurðsson.